

Ed. 96. Frumvarp til laga

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 67. löggjafarþingi, 1947.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Guðlaug Aðalheiður Benediktsdóttir Jensen, frú í Reykjavík, fædd 29. sept. 1913 á Íslandi.
2. Salome Þorleifsdóttir Nagel, frú í Reykjavík, fædd 19. ágúst 1897 á Íslandi.
3. Þórdís Einarsdóttir Strand, frú í Reykjavík, fædd 3. sept. 1898 á Íslandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem samkvæmt frumvarpinu er ætlað að öðlast íslenzkan ríkisborgararétt, eru fæddir hér á landi, en hafa misst ríkisborgararétt sinn vegna hjónabands við erlenda ríkisborgara. Er hjónaböndum þeirra nú slitið vegna skilnaðar (1.) eða dauða eiginmanns (2. og 3.).